

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar hafa verið settar eftirfarandi reglur um hámarkshraða í lögsagnarumdæminu, samkvæmt heimild í 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 26 1958:

A. 45 km á klst.:

1. Á Eiðsgranda.
2. Á Hringbraut.
3. Á Miklubraut frá Miklatorgi að Kringlumýrarbraut og frá Grensásvegi að Suðurlandsbraut.
4. Á Reykjanesbraut frá Miklatorgi að takmörkum lögsagnarumdæmisins.
5. Á Suðurlandsvegi frá Laugavegi að Rauðavatni.
6. Á Skúlagötu frá Ingólfsstræti að Skúlatorgi.

B. 60 km á klst.:

1. Á Miklubraut frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi.
2. Á Vesturlandsvegi frá vegamótum Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur að takmörkum lögsagnarumdæmisins að norðan.
3. Á Gufunesvegi frá Vesturlandsvegi að Áburðarverksmiðjunni.
4. Á Suðurlandsvegi frá Rauðavatni að takmörkum lögsagnarumdæmisins að austan.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. nóvember 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

TILKYNNING

um bólusetningu gegn garnaveiki.

Landbúnaðarráðherra hefur samkvæmt 22. gr. sbr. 44. gr. laga nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfest ákvarðanir Sauðfjársjúkdómanefndar um bólusetningu gegn garnaveiki á lömbum og veturgömlu fé á Sauðárkróki og Staðarhreppi og Skarðshreppi í Skaga-fjarðarsýslu.

Ef einhverjir fjáreigendur á þessum svæðum vanrækja að láta bólusetja fé sitt, svo sem fyrir er mælt, ber hlutaðeigandi yfirvaldi að hlutast til um, að bólusetning fari fram samkvæmt gildandi fyrirmælum.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.